

Nd. **61. Frumvarp til laga** [56. mál]
um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímdar, hellu-
lagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags
á götu greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa-, gang-
stétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún
setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð hús-
eigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar og/
eða varanlegt slitlag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög
nr. 66/1917 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til holræsa, gangstétta
og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir flutningi máls þessa sjá greinargerð með frumvarpi um breyt-
ing á lögum nr. 18/1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum
en Reykjavík og Akureyri, á þskj. 60.